

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 216/1993.

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
dómsmálaráðherra**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Snorra Sævarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Handtaka. Lögreglumenn. Skaðabótamál. Gjafvörn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda jafnframt því, að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar bóta og að málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og gjafvarnar-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var stefndi handtekinn á Blönduósi um kl. 2.50 aðfaranótt 8. ágúst 1991 vegna kæru um að hafa þá skömmu áður ásamt fleiri mönnum átt þátt í að hindra störf lögreglumanns og veiðieftirlitsmanns og taka net úr höndum hins síðarnefnda. Netið var eign eins þeirra manna, sem stefndi var með greint sinn, en hald hafði verið lagt á það vegna rannsóknar á ætluðu broti gegn lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og reglum nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó. Af atvikum málsins, sem nánar er lýst í héraðsdómi, þykir í ljós leitt, að framferði stefnda hafi verið með þeim hætti, að lögregla hafi haft lögmeða ástæðu til að handtaka hann, sbr. 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. 61. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, nú 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991. Atferli stefnda og féлага hans fór í bága við þá meginreglu, sem felst í 60. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, að enginn geti í bráð komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði, og gat það varðað við ákvæði XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot gegn valdstjórninni.

Eftir handtöku var stefndi vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ákvað að leita liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins. Rannsóknarlögreglumenn komu til Blönduóss um kl. 13.30 sama dag, og hófust skýrslutökur kl. 15.05, er stefndi var tekinn til yfirheyrslu. Henni lauk kl. 16.10, og var hann þá látinn laus.

Eins og á stóð, var það eðlileg ráðstöfun sýslumanns að óska eftir því, að Rannsóknarlögregla ríkisins annaðist rannsókn málsins, þar sem hún hlaut meðal annars að beinast að viðskiptum stefnda við lögreglu á staðnum. Átti þetta að tryggja óhlutdræga meðferð málsins, en varð óhjákvæmilega til þess, að rannsókn hófst síðar en ella hefði orðið, þar sem um langan veg var að fara fyrir rannsóknarlögreglumenn. Fleiri voru grunaðir en einn í málinu, og var ekki óeðlilegt, að þeir væru hafðir í haldi, þar til frumrannsókn færi fram. Þótt nokkur dráttur hafi orðið á því, að hún hæfist, verður hann ekki talinn óhæfilegur í ljósi ofangreindra aðstæðna. Hafa ber einnig í huga, að stefndi hafði tilnefnt réttargæslumann, sem þurfti að koma frá Reykjavík. Kom hann til yfirheyrslu yfir stefnda, þegar langt var á hana liðið, en stefndi hafði í upphafi hennar lýst sig fúsan til að tjá sig án nærveru hans.

Með hliðsjón af framansögðu verður hvorki á það fallist, að lög-mæt skilyrði hafi skort til aðgerða lögreglu né að þær hafi verið harkalegri eða víðtækari en tilefni og aðstæður buðu. Verður því ekki talið, að bótakrafa stefnda hafi stóð í ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 74/1974, nú 176. gr., sbr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Verða áfrýjendur því sýknaðir af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 178. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og dómsmálaráðherra, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Snorra Sævarssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. All-

ur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, samtals 120.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1993.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dagsettri 15. október 1992, en áritaðri um birtingu af hálfu Gunnlaugs Claessen hrl. fyrir hönd stefndu og þingfestri hinn 29. október s. á.

Málið var dómtekið 23. apríl 1993 að loknum aðalflutningi þess.

Stefnandi er Snorri Sævarsson, kt. 071167-3219, Gnoðarvogi 28, Reykjavík, en stefndu eru Friðrik Sophusson fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra.

Lögmaður stefnanda er Kristján Stefánsson hrl., en Sigrún Guðmundsdóttir hrl. gætir hagsmuna stefnda.

Dómkröfur.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 500.000,00 kr., með hæstu dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga, þ. m. t. vaxtavöxtum, frá 8. ágúst 1991 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins [...].

Stefnandi krefst og gjafsóknar í málinu skv. ákv. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum sem hér segir:

Miðvikudaginn 7. ágúst 1991 tók Sigurgeir O. Sigmundsson, veiðieftirlitsmaður á vatnasvæði Miðfjarðarár og við sjávarströnd Miðfjarðar, á leigu bát björgunarsveitar Slysavarnafélags Íslands á Skagaströnd í því skyni að fara í eftirlitsferð um Miðfjörð og kanna þar netalagnir í sjó. Lagt var upp frá Skagaströnd laust fyrir kl. 20.00. Með honum í för voru Pröstur Línadal Gylfason lögreglu maður, Mánabraut 3, Skagaströnd, og tveir félagar í björgunarsveit Slysavarnafélagsins á Skagaströnd, þeir Víðir Ólafsson, Sól-

arvegi 14, Skagaströnd, og Guðmundur Björnsson, Suðurvegi 3, Skagaströnd, en einn félagi björgunarsveitarinnar, Ólafur Halldór Bernóðusson, Bogabraut 27, Skagaströnd, var á vakt í húsi sveitarinnar, meðan á ferð þeirra stóð.

Er í Miðfjörð var komið, var hugað að netum. Skammt norðan hafnarinnar á Hvammstanga komu þeir að neti, sem lagt hafði verið út af skeri. Það var ekki landfast, eins og tilskilið er, og einnig þéttriðnara að þeirra dómi en lög leyfa. Netið var merkt Ágústi Sigurðssyni, Hvammstanga. Sigurgeir veiðieftirlitsmaður tók netið úr sjó og afhenti það Presti Líndal til vörslu. Ferðinni var síðan heitið suður með austurströnd Miðfjarðar og net könnuð, sem þar hafði verið lagt, en að því búnu var haldið til Skagastrandar. Þangað var komið laust eftir kl. 1.30 aðfaranótt 8. ágúst og bátnum lagt utan á annan bát við bryggju, sem kölluð er Skúffukanturinn. Á bryggjunni beið Ágúst Sigurðsson, eigandi netsins, ásamt stefnanda máls þessa og Gústav J. Daníelssyni. Þar voru einnig Hannes Ársælsson, Guðmundur Guðbjörnsson, Hörður Guðbjörnsson og Sigurður Þór Ágústsson, allir búsettir á Hvammstanga, svo og Ólafur Bernóðusson, sá er var í stjórnstöð, meðan á sjóferð þeirra fjórmeninga stóð.

Þegar hér er komið sögu, ber viðstöddum ekki saman um framvindu mála.

Sigurgeir veiðieftirlitsmaður skýrir svo frá atvikum í kæru, sem hann lagði fram í tilefni þessara atburða.

Við komuna til Skagastrandar hafi mannfjöldi beðið þeirra. Þar hafi hann kennt Ágúst Sigurðsson, eiganda netsins, sem tekið hafði verið og hald lagt á. Ágúst hafi byrjað umsvifalaust að ausa yfir þá féлага formælingum og skömmum, krafist þess að fá netið og farið ófögrum orðum um starf eftirlitsmanns og lögreglu. Annar maður var í fylgd með Ágústi, og var sá með myndavél, sem hann beitti óspart og gerði sér far um að beina leifturljósi vélarinnar í augu þeirra Þrastar. Maður þessi neitaði að segja til nafns, en síðar kom í ljós, að þetta var Gústav Daníelsson, sem vikið verður að síðar. Í kæru veiðieftirlitsmanns er nefndur til sögu enn annar maður, sem hafði sig mjög í frammi. Síðar kom í ljós, að hér var um stefnanda máls þessa að ræða. Þessir þrír kröfðust þess margsinns að fá afhent netið, sem þeir sögðu vera löglegt í alla staði. Fengu þeir ávallt þau svör, að hald hefði verið lagt á netið, og væri það í vörslu lögreglu. Reyndu þeir að meina þeim að færa netið og fylgibúnað þess yfir í bátinn, sem lagt var að, og þaðan upp á bryggju. Ágúst hafi gripið í netið og reynt að taka það, er það lá í bátnum, en sleppt því að skipun Þrastar. Tókst þeim félögum að koma netinu og fylgihlutum þess upp á bryggjuna. Þegar þar var komið, bað Þröstur eftir-

litsmanninn að gæta netsins, meðan hann færi að sækja lögreglubifreiðina, sem þeir komu á. Þegar Þröstur var farinn, gengu þessir menn harðar að Sigmundi eftirlitsmanni í því skyni að fá netið afhent, en hann neitað því jafnan, þar sem hald hefði verið lagt á það, og væri það nú í vörslum lögreglu. Fóru þeir þá að hóta honum öllu illu, ef hann léti ekki að vilja þeirra, m. a. að henda honum í sjóinn. Kvaðst hann hafa reynt með fortölum að koma vitinu fyrir þá og boðið að sýna þeim skipunarbréf sitt, sem þeir áður höfðu óskað eftir að sjá, en hann ekki talið ástæðu til. Um þetta leyti hafi Ólafur Bernóðusson kallað til Sigurgeirs og sagst verða að fara af bryggjunni, hann gæti ekki verið þar lengur.

Þegar Sigurgeir var orðinn einn, hefði Gústav Daníelsson tekið í netið, sem lá við stigann upp á bryggjuna, og byrjað að draga það í átt að bifreiðinni H-20, sem Ágúst Sigurðsson var eigandi að. Reyndi Sigurgeir að koma í veg fyrir þetta, en þá hefðu hinir tveir komið Gústav til hjálpar. Þessu hefði lyktað með þeim hætti, að þeim félögum hefði tekist að koma netinu í farangursgeymslu bifreiðar Ágústs, enda þótt Sigurgeir hefði reynt að streitast á móti, m. a. stigið á netið, þegar átti að setja það í farangursgeymsluna. Ýmis ófögur orð hefðu hrotið úr munni þeirra félaga, meðan á átökunum stóð, m. a. hefði stefnandi sagt eftirlitsmann vera „mesta vitleysing, sem hann hefði hitt, og réttast væri að berja`ann í spað“. Sigurgeir eftirlitsmaður kvaðst hafa margsinnis bent þeim félögum á, þegar þeir tókust á um netið, að þeir væru að gera mikla skyssu með því að taka hlut, sem lagt hefði verið hald á, og leggja hendur á opinberan starfsmann og hindra hann í starfi sínu, en ekkert dugað. Þeir félagar hefðu komið netinu fyrir í farangursrými H-20 og ekið af stað.

Einnig kemur fram í kæru Sigmundar eftirlitsmanns, að nokkrir aðrir ungir menn hafi tekið þátt í því að ná netinu úr vörslum hans. Þeir hafi ýtt við honum og togað í takt við hina þrjá, þó í mun minna mæli. Þessir ungu menn hafi farið í bifreiðina A-9998 samtímis þeim Ágústi og félögum hans og ekið á brott. Verður vikið að þætti þessara manna síðar.

Sigurgeir kveðst hafa tekið á sprett í átt að geymslustað lögreglubifreiðarinnar, eftir að bifreiðunum tveimur hafði verið ekið á brott. Hafi hann mætt Presti, sem kom akandi á móti sér, og gert honum grein fyrir því, hvað gerst hafði. Þröstur hafi haft samband við lögregluna á Blönduósi, sem gerði viðeigandi ráðstafanir. Veittu þeir síðan bifreiðunum tveimur eftirför og misstu aldrei sjónar á þeim. Lögreglan á Blönduósi hafi síðan stöðvað bifreiðarnar tvær á Blöndubru á þjóðvegi 1, og voru ökumenn og farþegar þeirra færðir á lögreglustöðina, en þeir Ágúst Sigurðsson, Gústav Daníelsson og stefnandi færðir í fangageymslu lögreglunnar þar.

Kæra Sigurgeirs eftirlitsmanns er á hendur öllum þeim, sem komu við sögu og voru í bifreiðunum tveimur, og er hún dagsett 8. ágúst 1991.

Pröstur Líndal lögreglumaður gerði skýrslu um atburðinn strax að honum loknum. Er frásögn hans samhljóða kæru Sigurgeirs í öllum atriðum, er varða atvik, sem báðir voru samtímis vitni að og rakin eru hér að framan. Í skýrslu Þrastar kemur enn fremur fram, að hann hafi gert Ágústi Sigurðssyni ljóst, að netið væri í vörslu lögreglu og hann fengi það ekki afhent. Einnig skýrir Pröstur frá því, að Ólafur Bernódusson hafi komið upp í slysavarnahús, er hann var þar, og sagt honum að flýta sér niður á bryggju, því að menn þeir, sem á bryggjunni væru, hafi hótað að henda Sigurgeiri í sjóinn. Í skýrslunni lýsir Pröstur því einnig, að Sigurgeir hafi komið hlaupandi neðan frá bryggju og sagt sér, að þeir þremmenningar, sem að framan er lýst, hafi ráðist á sig, hrint sér frá netinu, tekið það og sett það í farangursgeymslu bifreiðarinnar H-20.

Í skýrslu, sem Pröstur gaf sem vitni hjá Grétari Sæmundssyni, deildarfulltrúa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. ágúst 1991, kom m. a. fram, að hann, Pröstur, hefði gert Ágústi Sigurðssyni grein fyrir því, að hann væri lögreglumaður, og gert honum það fyllilega ljóst, að hald væri lagt á umrætt net.

Framangreindur starfsmaður Rannsóknarlögreglu ríkisins tók einnig skýrslu af þeim þremur félögum í Slysavarnafélaginu á Skagaströnd, sem hér koma við sögu.

Víðir Ólafsson, einn bátsverja, kvaðst hafa orðið var við, að tveir menn hefðu komið niður í bátinn, sem þeir lögðust utan á, og annar þeirra sagst eiga netið, en hinn verið að taka myndir. Menn þessir hefðu verið að tala við lögreglumanninn og veiðieftirlitsmanninn um netið og eigandinn viljað fá það aftur. Ekki kveðst Víðir hafa orðið var við, að lögreglumaðurinn eða veiðieftirlitsmaðurinn hafi verið hindraðir í því að koma netinu upp á bryggju, né heldur kveðst hann hafa orðið þess var, að þeir hafi verið beittir ofbeldi eða þeim hótað beitingu þess.

Bátsverjinn Guðmundur Björnsson tekur í sama streng. Hann kveðst aðeins hafa heyrt, að veiðivörðurinn og komumenn hafi verið að karpa um netið og eigandi þess krafist þess að fá það afhent um það leyti, sem hann fór af vettvangi, og veiðivörðurinn einn orðið eftir við gæslu þess. Engu ofbeldi hafi verið beitt og engum hótunum í þá átt, nema hvað eigandi netsins hafi hótað málaferlum vegna töku þess.

Skýrsla var einnig tekin af Ólafi Halldóri Bernódussyni, sem var í stjórnstöð björgunarveitarinnar, meðan á Miðfjarðarsiglingunni stóð. Í skýrslunni greinir Ólafur frá því, að um tveimur tímum áður en báturinn kom að

landi, hafi menn komið í hús deildarinnar og beðið þar eftir bátnum. Þar á meðal hafi verið maður, sem sagðist vera eigandi netsins. Kveðst Ólafur hafa sagt þessum mönnum, að félagar úr sveitinni hefðu farið með lög-
reglumann og veiðieftirlitsmann í siglingu til Miðfjarðar. Hann kveðst hafa verið kominn niður á bryggju, er báturinn lagði að landi. Kveðst hann hafa séð veiðieftirlitsmanninn setja net upp á bryggjuna og einnig heyrt rifrildi og skammir, en ekki geta tilgreint, hver sagði hvað. Hann kvaðst ekki hafa séð nein átök og ekki heyrt hótanir, en einhver hefði sagt: „Þeir eiga eftir að henda honum í sjóinn.“ Hann telur enn fremur, að veiðieftirlitsmaðurinn hafi verið einn eftir með aðkomumönnunum, þegar hann fór.

Áðurnefndur Grétar rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af þeim Herði Heiðari Guðbjörnssyni, Guðmundi Teiti Guðbjörnssyni og Hannesi Ársælssyni, en þeir fóru allir frá Hvammstanga til Skagastrandar í bifreiðinni A-9998 í því skyni að fylgjast með atburðum. Skýrslur af þeim voru teknar 15. ágúst 1991 á lögreglustöðinni á Hvammstanga. Af skýrslum þeirra allra má ráða:

Að þeim var ljóst af því, sem fram fór, að hald hefði verið lagt á netið, bæði fyrir það, að því hefði verið ólöglega lagt að mati veiðieftirlitsmannsins, og eins vegna grunsemda hans um, að möskvastærð þess væri andstæð reglum þar að lútandi.

Að netið hefði verið tekið úr vörslum veiðieftirlitsmannsins, þrátt fyrir það að hann hefði reynt að sporna við því, enda þótt ofbeldi hefði ekki verið beitt að þeirra mati gagnvart veiðieftirlitsmanninum.

Í skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni í Húnavatnssýslu, er eftirleiknum lýst, frá því að bifreiðarnar tvær voru stöðvaðar á Blöndubré. Þar kemur fram, að allir þeir, sem voru í bifreiðunum tveimur, hafi verið handteknir og færðir á lögreglustöðina á Blönduósi. Að ábendingu Sigurgeirs veiðieftirlitsmanns voru þeir þrír, sem mest höfðu sig í frammi við töku netsins, vistaðir í fangageymslu lögreglunnar að höfðu samráði við Jón Ísberg sýslumann og ákveðið að leita liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins, er dagaði. Þeir, sem fangageymsluna gistu, voru Ágúst Sigurðsson, eigandi netsins, Gústav J. Daníelsson og stefnandi máls þessa. Skv. skýrslunni var klukkan 2.50, þegar þeir voru færðir til fangageymslu. Öðrum var sleppt, en þeim tilkynnt, að skýrsla yrði tekin af þeim síðar. Þetta voru: Hannes Ársælsson, Guðmundur Guðbjörnsson, Hörður Guðbjörnsson og Sigurður Þór Ágústsson. Netið var tekið í vörslu lögreglunnar, svo og var myndavél tekin og filma, sem í henni var, og einnig filma, sem fannst í myndavélarstöku.

Í skýrslu Kristjáns Þorbjörnssonar, sem gerð var síðar, fimmtudaginn 8.

ágúst 1991, kemur fram, að tveir starfsmenn rannsóknarlögreglunnar hafi komið kl. 1.30 (á að vera 13.30) og hafið rannsókn. Kristján Stefánsson hrl. var skipaður réttargæslumaður þremmenninganna að þeirra ósk, og var hann kominn, áður en skýrslutöku stefnanda lauk.

Stefnandi var leystur úr haldi kl. 16.17 skv. skýrslu lögreglu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi sætt tilefnislausri og ólög-
mætri frelsisskerðingu, er hann var handtekinn af lögreglunni á Blönduósi
um kl. 2.00 aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 1991 og sætt innilokun til kl.
16.10 sama dag, er hann var leystur úr haldi eftir yfirheyrslu hjá
Rannsóknarlögreglu ríkisins. Við handtökuna hafi sér ekki verið gert ljóst,
hvers vegna hann sætti handtöku, og ekki verið gefinn kostur á að fá sér
skipaðan réttargæslumann fyrr en undir hádegi. Hann hafi kært handtök-
una til ríkissaksóknara, en verið tilkynnt síðar bréflaga, að ríkissaksóknari
sæi ekki tilefni til aðgerða gegn lögreglu. Einnig hafi hann sætt kæru veiði-
eftirlitsmanns fyrir valdbeitingu gagnvart honum, en kæran hafi ekki komið
fram fyrr en síðar. Með bréfi, dagsettu 15. apríl 1992, hafi ríkissaksóknari
tilkynnt sér, að rannsókn máls leiddi ekki til málhöfðunar gagnvart sér.

Stefnandi telur, að aðgerðir gagnvart sér hafi með öllu verið tilefnislaus-
ar, og skv. grundvallarreglum laga um meðferð opinberra mála, XXI. kafla
laga nr. 19/1991, einkum 175. gr. og 176. gr. laganna, eigi hann ótvíræðan
bótarétt á hendur stefndu. Athafnir lögreglu hafi verið mjög móðgandi og
harkalegar, ekki hafi verið gætt lögskylds réttar sakaðs manns og löng frelsis-
skerðing og rannsókn RLR verið sér þungbær.

Bótakröfur stefnanda eru reistar á 264. gr. laga nr. 19/1940 og ákvæðum
XXI. kafla laga nr. 19/1991.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að stefnandi hafi með ólögmetu fram-
ferði við lögreglu og veiðieftirlitsmann hindrað þá í að gegna starfsskyldum
sínum. Hann hafi haft í frammi hótanir í þeirra garð og átt þátt í að taka sil-
unganet úr höndum þeirra, sem búið var að leggja hald á. Netið hafi verið
sönnunargagn í opinberu máli og hafi síðar verið gert upptækt með dómi.
Hér hafi því verið um tvímælalaust brot á hegningarlögum að ræða, og geti
stefndi því aldrei átt kröfu um bætur skv. XXI. kafla laga 19/1991.

Þá mótmæla stefndu, að háttsemi lögreglu hafi verið tilefnislaus og
harkaleg gagnvart stefnanda, og einnig því, að honum hafi ekki verið boðin
lögskyld réttindi handtekings manns.

Stefnanda hafi mátt vera ljóst, að hlutur, sem búið sé að leggja hald á,

verði ekki tekinn úr höndum lögreglu. Því hafi verið fullt tilefni til handtökunnar, stefnandi hafi vitað um ástæður hennar og hún ekki verið framkvæmd á harkalegan hátt.

Enn fremur mótmæla stefndu því, að stefnanda hafi ekki verið boðin réttindi handtekings manns, enda hafi stefnandi ekki tilgreint, hvaða réttur hafi verið brotinn á honum í þessu tilliti.

Loks mótmæla stefndu þeirri fullyrðingu stefnanda, að frelsisskerðing sú, sem hann varð að sæta, hafi verið honum mjög þungbær, og telja þessa fullyrðingu stefnanda ósannaða með öllu. Framferði stefnanda hafi verið ólöglegt, og því sé ljóst, að skilyrði 175. gr. laga nr. 19/1991 hafi ekki verið fullnægt. Jafnframt sé ljóst, að telja verði stefnanda líklegri til að vera sekan en saklausan, og því eigi 176. gr. laganna nr. 19/1991 ekki við.

Varakrafa stefndu er reist á því, að dómkröfur stefnanda séu langt umfram dómvenju, og því sé krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð, og jafnframt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þá sé vöxtum og upphafstíma þeirra mótmælt.

Forsendur og lagarök.

Málavöxtum er lýst hér að framan, og vísast þar til. Eins og þar kemur fram, léði stefnandi Ágústi Frímanni Sigurðssyni lið við að ná umræddu neti úr vörslum veiðieftirlitsmannsins, Sigurgeirs, sem falin hafði verið gæsla þess. Hald hafði verið lagt á netið af lögreglumanninum Presti Línadal, og má telja sannað, að stefnanda hafi verið það ljóst eða mátt vera það.

Með þessu athæfi gerðist stefnandi hlutdeildarmaður í broti, sem varðar við 106. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Engu að síður lítur dómurinn svo á, að óþarft hafi verið að vista stefnanda í fangageymslu lögreglunnar á Blönduósi frá kl. 2.50 aðfaranótt fimmtudagsins 8. ágúst 1991 til kl. 16.17 sama dag. Ástæðulaust var að kveðja menn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar málsins, sem hafði óhjákvæmilega í för með sér lengri frelsisskerðingu stefnanda en efni stóðu til miðað við eðli þessa máls. Þess í stað hefði verið edlilegt, að lögreglan á Blönduósi hefði tekið skýrslur af þeim, sem komu við sögu, og látið þá lausa að því búnu.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til b-liðar 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. tl. laga nr. 74/1974, sem í gildi voru, þegar umræddur atburður varð, þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu. Skaðabótaskylda stefndu styðst jafnframt við þau grundvallarsjónarmið, sem 264. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum byggist á.

Bætur til stefnanda þykja hæfilegar 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, er mál þetta var þingfest, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá

þeim degi til greiðsludags. Skv. þessari niðurstöðu greiði stefndu stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, og er virðisaukaskattur innifalinn í tildæmdri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu greiði stefnanda 50.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1991 til 20. október 1992, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 57.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.
